

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 826/2011 um loðnuveiðar íslenskra skipa á haust- og vetrarvertíð 2011 til 2012.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Aðeins er heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67° 11' N – 014° 30' V
2. 68° 00' N – 014° 30' V
3. 68° 00' N – 008° 30' V
4. 65° 15' N – 008° 30' V
5. 65° 15' N – 011° 20' V
6. 66° 05' N – 011° 30' V
7. 66° 15' N – 012° 00' V
8. 66° 12' N – 012° 22' V
9. 66° 40' N – 012° 40' V
10. 66° 47' N – 013° 00' V
11. 66° 52' N – 013° 08' V
12. 67° 11' N – 014° 30' V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. janúar 2012.

F. h. r.

Hrefna Karlsdóttir.

Arnór Snæbjörnsson.